

Ég hef starfað sem sálfræðingur hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins síðan í september 2020. Þar sinni ég greiningu og meðferð fullorðinna á Heilsugæslunni í Árbæ. Ég útskrifaðist með meistaragráðu í kínískri sálfræði frá Eastern Michigan University vorið 2013. Þegar heim var komið tók við bið eftir löggildingu. Í millitíðinni starfaði ég sem hegðunarráðgjafi fyrir leikskóla í Árbæ og Grafarholti og eignaðist dóttur. Ég hóf störf sem löggiltur sálfræðingur 2017. Þá starfaði ég á stofunni Domus Mentis og síðar sinnti ég fjarmeðferð hjá Mín líðan, þar til heilsugæslan tók við.

Þegar ég var 16 ára ákvað ég að verða sálfræðingur og síðan þá hefur áhugi minn á faginu aðeins vaxið. Í dag er sálfræðin bæði mitt helsta áhugamál og starfsvettvangur. Ég vil því leggja mitt af mörkum í þágu stéttarinnar og bjóða fram krafta mína til starfa í Sálfræðingafélaginu. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki, bæði innan samfélags sálfræðinga og utan þess, í samskiptum við aðrar fagstéttir og samfélagsins í heild. Ég hlakka til að að verða að liði í þeirri vinnu.

Gyða Dögg Einarsdóttir

